

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2015.

Rekstrarreikningur árið 2015

Tekjur	þús. kr.
Framlag ríkissjóðs	18.812.196
Framlag sveitarfélaga	22.204.972
Önnur framlög	<u>1.215.000</u>
Tekjur alls	<u>42.232.168</u>
Framlög	
Bundin framlög	1.287.100
Sérstök framlög	9.012.785
Jöfnunarframlög	8.550.433
Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla	9.549.526
Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk	<u>13.095.297</u>
Framlög alls	<u>41.495.141</u>
Rekstrarkostnaður	
Laun og launatengd gjöld	6.039
Annar rekstrarkostnaður	<u>100.390</u>
Rekstrarkostnaður samtals	<u>106.429</u>
Framlög og gjöld alls	<u>41.601.570</u>
Rekstrarafgangur/halli	639.598
Hreinar fjármunatekjur	<u>163.371</u>
Tekjuafgangur/halli ársins	<u><u>793.969</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	
Veltufjármunir:	
Ríkissjóður	2.039.989
Áfallnar vaxtatekjur	152.285
Aðrar skammtímakröfur	<u>150.753</u>
Skammtímakröfur samtals	<u>2.343.027</u>
Handbært fé:	
Bankareikningar	3.459.706
Eignir alls	<u><u>5.802.733</u></u>
Után efnahagsreiknings	14.430.173
Skuldir og eigið fé	
Eigið fé:	
Höfuðstóll	<u>1.565.355</u>

Skammtímaskuldir:

Ríkissjóður	40.204
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	30.457
Ógreidd framlög	1.457.236
Aðrar skammtímaskuldir	<u>2.709.481</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>4.237.378</u>
Skuldir samtals	<u>4.237.378</u>

Skuldir og eigið fé alls

5.802.733

Sjóðstreymi árið 2015

Rekstrarhreyfingar

Veltufé frá rekstri:

Tekjuafgangur/halli samkvæmt rekstrarreikningi	<u>793.969</u>
Veltufé frá rekstri	793.969

Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:

Skammtímakröfur (hækkun), lækkun	14.923
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun	<u>2.475.634</u>
	2.490.557

Handbært fé frá rekstri

3.284.526

Fjármögnunarhreyfingar

Breyting á stöðu við ríkissjóð:

Framlag ríkissjóðs	(18.812.196)
Greitt úr ríkissjóði	<u>16.969.606</u>
	(1.842.590)

Hækkun (lækkun) á handbæru fé 1.441.936

Handbært fé í ársbyrjun 2.017.770

Handbært fé í árslok 3.459.706

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2015 var rekstrarafgangur Jöfnunarsjóðsins 794,0 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 5.802,7 m.kr, skuldir 4.237,4 m.kr. og eigið fé 1.565,3 m.kr.

Innanríkisráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2015 með áritun sinni.

Reykjavík, 19. september 2016.

Ólöf Nordal
innanríkisráðherra.

Guðný Sverrisdóttir,
formaður ráðgjafarnefndar
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Áritun endurskoðenda

Til innanríkisráðuneytis og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda.

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

Álit.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2015, efnahag 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 20. september 2016.

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi.

B-deild – Útgáfud.: 26. janúar 2017